60. stjórnarfundur

8. júní 2022

Fundarstaður og tími: Teams og Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, 8. júní 2022 kl. 13:00

Mættar eru: Lovísa, Silja, Amel, Hildur, Ásgerður, Svandís á H68 og Birna, Ásdís og Dagný á Teams

1. **Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Fundargerð samþykkt.

2. **Stjórn skiptir með sér verkum**

Nokkrum hlutverkum úthlutað, en samvinna í fyrirrúmi í stjórninni og við leitumst við að sinna starfinu í sameiningu.

Ritari: Dagný

Gjaldkeri: Svandís í 1 ár. Silja verður innan handar og tekur við á seinna ári.

Samfélagsmiðlar og viðburðir: Lovísa leiðir og heldur utan um með aðstoð frá öðrum stjórnarmeðlimum. Amel til taks á ensku hliðinni.

3. **Fundartímar stjórnar (1 x mánuði, frí í júlí)**

Ákveðið að fundartími verði mánaðarlega kl. 15 á miðvikudögum. Mögulega höfum við fundi stöku sinnum í hádeginu. Fyrsti fundur eftir sumarfrí verður miðvikudaginn 24. ágúst og svo fjórði miðvikudagur í mánuði eftir það.

Mæting á fundi: Rætt um að varakonur í stjórn hafi meiri sveigjanleika og sé valfrjálst að mæta á fundi. Ákveðið að velta þessu frekar fyrir okkur og ræða og ákveða á næsta fundi hvernig best er að hafa skipulagið.

4. **Verkefni ársins**
5. **Hugarflug stjórnar**

Á listanum yfir verkefni eru komin verkefni sem hafa verið gerð áður. Rætt um að við viljum endilega fá nýjar hugmyndir líka.

Nýjar hugmyndir sem komu fram á fundi:

- *Mentoring.* Væri mögulega hægt að bæta inn sem hluta af Haustþinginu.
- *Ítarlegri upplýsingar um félagskonur.* Möguleiki á að bæta inn á heimasíðuna möguleika fyrir meðlimi að bæta inn mynd og nánari upplýsingum um sig þar inn.

- *Heimsókn út á land í Blöndustöð*
- *Opinn viðburður á vegum KíO.* Gæti verið viðburður tengdur skýrslunni um líðan kvenna í orkumálum. Líka möguleiki á viðburði með örerindum þar sem konur í orkumálum segja frá sér og sinni vinnu.
- *Hlaðvarpið Orkumiklar konur*. Skoða möguleikann á að vera með hlaðvarp KíO. Fá fjölbreyttan hóp kvenna í spjall, ekki endilega bara úr orkugeiranum. Mikill áhugi á að láta þetta verða að veruleika. Silja ætlar að taka að sér að leiða þessa vinnu.

2. **Fjármögnun og styrkjafyrirkomulag**

Hildur og Birna ætla að skoða þessi mál í sameiningu.

Mikilvægt að samræma styrkjaöflun og viðburði, vera með plan um viðburði ársins þegar farið er í fjármögnun félagsins.

3. **Heimasíða**

Núverandi heimasíðukerfi, Wix, hefur reynst flókið og erfitt að vinna með.

Hildur með nýja lausn frá aðila sem bauðst til að gera nýja síðu á svipuðu verði og sú gamla. Sýndi okkur uppkast af þeirri heimasíðu. Er hefðbundin Wordpress síða og þar verður í boði að skrá sig í félagið gegnum síðuna og þær upplýsingar fara beint inn í Excel skjal á Google Drive hjá okkur.

Samþykkt að færa okkur yfir í þessa heimasíðulausn. Nokkrar í stjórn sem þekkja til Wordpress, býður upp á fleiri möguleika, notendavænna auk þess sem kostnaðurinn er litlu hærri en kostnaður við núverandi heimasíðu.

4. **Könnun: Líðan kvenna í orkumálum**

Höldum þessari vinnu áfram. Skoða möguleika á að vera með viðburð í tengslum við niðurstöður skýrslu. Einnig skoða spurningar betur í könnuninni.

5. **Yfirfara félagatal**
6. **Málþing um orkuskipti með FUMÍ og Ungir umhverfissinnar**

Hafa áhuga á fá okkur til þess að taka þátt, sem við viljum gjarnan. Var frestað og ekki komin ný dagsetning, en verður eftir sumarfrí.

7. **Sumarganga KíO**

Ákveðið að stefna á sumargöngu á Hellisheiðarsvæðinu og fræðsla að auki. Finna dagsetningu um/eftir miðjan ágúst.

8. **Haustþing KíO**

Í október. Rætt um að mögulegt væri að bæta inn mentoring sem hluta af dagskránni.

9. **Kynningarfundur á KíO**

Fara í fyrirtæki og kynna KíO. Halda áfram með þetta og höfða líka til kvenna í fjölbreyttum störfum innan orkugeirans.

Vera með fræðslu og kynningu víðar, svo sem í menntaskólum og háskólum.

10. **Fjölmiðlanámskeið**

11. **Önnur mál**